

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 9	Dagsetning	10. september 2019	Tími	12:00 – 13:30
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	KS			
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH) og Jóhanna Á. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins.			
Fjarverandi	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ)			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 10. september 2019

1. Fundargerð 28. maí 2019

Fundargerð stjórnarfundar frá 28. maí 2019 samþykkt

2. Fundargerð aðalfundar 15. maí 2019

Fundargerð aðalfundar frá 15. maí 2019 samþykkt

3. Skólameistari FVA

MH reifaði málsatvik í máli skólameistara FVA, en hún hefur hitt JÁJ tvisvar sinnum og átti fund í gær með JÁJ og MH ásamt lögmanni sínum. Skólameistari óskar eftir fjárhagslegum stuðningi en hún ætlar í dómsmál gegn íslenska ríkinu. Samþykkt að styrkja hana um allt að kr. 1.000.000 ef til fjárútláta kemur.

4. Aðgerðaáætlun KMR

Samþykkt að JÁJ sendi póst til félagsmanna og óski eftir sjálfboðaliðum til að taka þátt í vinnuhópum, sbr. stjórnendastefnu ríkisins. Fyrirhugað er að vinna vegna þriggja starfshópa byrji í október og standi til loka árs 2019.

5. Heimsókn á Listasafn Íslands

HP ætlar að bjóða forstöðumönnum í heimsókn á Listasafn Íslands miðvikudaginn 18. september nk. milli klukkan 16.30 og 18.00. Þessi dagsetning hentar vel vegna morgunverðarfundar fjármála- og efnahagsráðuneytisins á fimmtudagsmorgun. Samþykkt að JÁJ sendi fréttabréf til félagsmanna þar sem þetta boð kemur m.a. fram.

6. Fjölmiðlanámskeið

MH upplýsti stjórnarmenn um þau fjölmiðlanámskeið og hvað felst í því. Samþykkt að JÁJ kanni hvenær mögulegt sé að halda námskeið. Samþykkt að senda styrkumsókn til Starfsmenntunarsjóðs vegna þessa.

7. Ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar

Samþykkt að JÁJ óski eftir upplýsingum frá ráðuneytum um það hvort að stöður ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra hafi verið auglýstar og hvort að þær hafi verið auglýstar að loknum 5 ára skipunartíma.